

Ár 2013, miðvikudaginn 8. maí kl. 12:00 kom stjórn SSNV saman til fundar í Ráðhúsinu á Blönduósi.

Mætt til fundar: Þóra Sverrisdóttir, Hanna Prúður Þórðardóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Bjarni Jónsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Leyfi framkvæmdastjóra.

Afgreiðslur:

1. Framkvæmdastjóri SSNV, Jón Óskar Pétursson hefur óskað eftir launalausum leyfi til eins árs og hyggst nýta það til frekara náms. Hefur hann gegnt stöðu framkvæmdastjóra í 6 ár. Stjórn SSNV samþykkir að veita framkvæmdastjóra samtakanna slíkt leyfi og felur formanni SSNV að ganga frá því við framkvæmdastjóra. Stjórn samtakanna samþykkir einnig að óska eftir því við Katrínu Maríu Andrésdóttur verkefnisstjóra atvinnuþróunar hjá SSNV að gegna stöðu framkvæmdastjóra SSNV og veita skrifstofu samtakanna á Hvammstanga forstöðu til eins árs í leyfi Jóns Óskars Péturssonar. Formanni SSNV falið að ganga til samninga við Katrínu Maríu á grundvelli þeirrar samþykktar og umræðu um framkvæmdina á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 13:15.